



## Átt þú rétt á viðbótarafslætti af leikskólagjöldum

Ágæta foreldri/forráðamaður

Í upphafi skólaárs er nauðsynlegt að endurnýja umsóknir um viðbótarafslátt af leikskólagjöldum og verða ALLAR eldri umsóknir sem bárust fyrir 1 júlí felldar úr gildi frá 1. október n.k. Til að öðlast viðbótarafslátt þarf umsókn að berast í gegnum „MÍNAR SÍÐUR“ á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

### Reglur um viðbótarafslátt leikskólagjalda

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti viðbótarafslátt af leikskólagjöldum vegna skólaársins 2024-2025 samkvæmt eftirfarandi tekjuviðmiðum foreldra og forráðamanna og reiknast afsláttur einungis af dvalargjaldi leikskólagjalda.

Tekjuviðmið	á mán	afsl.
<b>Brúttótekjur á ári</b>		
<b>Einstaklingur:</b>		
0 til 6.546.891 kr.	545.574 kr.	75%
6.546.892 til 7.856.268 kr.	654.689 kr.	50%
<b>Fólk í sambúð</b>		
0 til 9.820.335 kr.	818.361 kr.	75%
9.820.336 til 11.784.401 kr.	982.033 kr.	50%

Þess skal getið að afslátturinn gildir aðeins fyrir foreldra/forráðamenn og börn sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.

Afsláttur er reiknaður út frá tekjum sl. þriggja mánaða frá umsókn samkvæmt staðgreiðslufirliti

- Umsókn um afslátt þarf að berast fyrir 20. September n.k. og endurnýja fyrir hvert skólaár
- Umsóknir sem berast seinna þurfa að berast fyrir 20. Hvers mánaðar vegna leikskólagjalda næsta mánaðar. **Leikskólagjöld eru ekki leiðrétt afturvirk.**

Fylgigögn sem þurfa að fylgja umsókn eru eftirfarandi:

- Staðgreiðslufirlit frá RSK sem sýnir tekjur sl. þriggja mánaða (hægt er að nálgast rafrænt á [www.skattur.is](http://www.skattur.is))

Nánari upplýsingar á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) eða hjá þjónustuveri Hafnarfjarðar í síma 585-5500, í gegnum netspjall á vef sveitarfélagsins eða með pósti á netfangið: [hafnarfjordur@hafnarfjordur.is](mailto:hafnarfjordur@hafnarfjordur.is)

Bestu kveðjur,  
Starfsfólk Hafnarfjarðar